

Ed.

## 421. Frumvarp til laga

[174. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Jónsson,  
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

### 1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi svofellt bráðabirgðaákvæði:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir bann 2. mgr. 3. gr. laga þessara að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenskum höfnum á tímabilinu 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið í samræmi við óskir, sem borizt hafa frá hinum hráefnasauðu stöðum norðanlands. Að tilhlutan Sildarsaltendafélags Siglufjarðar og stjórnar Síldarverksmiðjunnar Rauðku var samið lagafrumvarp um þetta efni, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur eindregið mælt með. Frumvarp það, sem hér er flutt, gengur í svipaða átt, en þó heldur skemmra.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru einnig meðflutningsmenn að þingsályktunartillögu um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum, sem lögð hefur verið fram í sameinuðu þingi. Vegna hinnar brýnu nauðsynjar á hráefnisöflun telja flutningsmenn frumvarps þessa mikla þörf á að veita vinnslu- og verkunarstöðvum nú þegar til bráðabirgða takmarkaða heimild til að kaupa hráefni af erlendum veiðiskipum, jafnframt því sem mál þetta í heild verði athugað og frambúðarlausn fundin í samræmi við áðurgreinda þingsályktunartillögu.

Með frumvarpi því um breytingar á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem Síldarsaltendafélag Siglufjarðar og stjórn Síldarverksmiðjunnar Rauðku létu semja, fylgdi sérstök greinargerð, þar sem undirstöðuatriðum þessa máls eru gerð glögg skil. Fer sú greinargerð orðrétt hér á eftir:

„Meðan Íslendingar voru að byggja upp útgerð sína og fiskiflota, var eðlilegt, að þeir óttuðust samkeppni voldugra erlendra aðila, og þá sérstaklega, ef þeir höfðu aðstöðu hér á landi til jafns við Íslendinga sjálfa. Var því bæði rétt og sjálfsögð sú stefna, sem fylgt hefur verið til þessa, að meina útlendingum löndun fisks í íslenskum höfnum. Á þessum árum voru markaðir Íslendinga fyrir íslenskar fisk-afurðir mjög óstöðugir og einatt offramleiðsla á fiski.

Nú er þetta allt gjörbreytt. Íslendingar hafa komið sér upp glæsilegum fiskiskipafloata, og sjávarútvegurinn stendur í heild á traustum fótum. Munu fáar þjóðir

hafa sterkari samkeppnisaðstöðu í sjávarútvegi en Íslendingar. Markaðir fyrir fisk-  
afurðir virðast óþrjótandi, og fer því fjarri, að Íslendingar hafi getað annað eftir-  
spurn nú um alllangt skeið.

Þegar svona er komið, er einsætt, að bann við hráefniskaupum af erlendum  
veiðiskipum á sér engin skynsamleg rök. Það hefur til þessa verið talinn meiri  
gróðavegur að kaupa óunnið hráefni og fullvinna það heldur en að selja óunnið  
hráefni. Það er alkunna, að hinar vanþróðu þjóðir eru yfirleitt hráefnisseljendur,  
en hinar auðugu iðnaðarþjóðir hráefniskaupendur. Hvers vegna skyldum við Ís-  
lendingar ekki nýta þau tækifæri, sem okkur gefast til kaupa á hráefni af útlend-  
ingum, og fullvinna til útflutnings? Almennt skoðað er breyting sú, sem í frum-  
varpinu felst, því sjálfsögð frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Hins vegar er því ekki að leyna, að sérstakar ástæður liggja til þess, að frum-  
varpið er nú flutt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mörg undanfarin ár  
hefur ríkt vandræðaástand í atvinnumálum margra sjávarplássna á Norðurlandi,  
vegna breytinga á göngum sildarinnar og fiskleysis almenn. Á þessum stöðum eru  
hins vegar dýr og afkastamikil mannvirki til fiskvinnslu og þar búsettur fjöldi  
fólks, sem er þrautþjálfað við vinnslu sjávarafna. Siglufjörður skal tekinn sem dæmi  
um þessi sjávarpláss. Á Siglufirði eru sildarverksmiðjur, sem afkasta 30—35 þúsund  
málum á sólarhring. Þar eru 22 sildarsóltunarstöðvar, sem með fullum afköstum  
geta saltað í 18 þúsund tonn á sólarhring. Þar eru hraðfrystihús, sem hafa veruleg  
afköst, ef hráefni er nægilegt. Þar hefur að sjálfsögðu byggzt upp verzlun, iðnaður  
og alls konar þjónusta, sem bundin er við rekstur hinna stórvirku atvinnutækja.  
Fjárfesting í öllum þessum atvinnutækjum mun nema mörgum hundruðum milljóna  
króna. Á Siglufirði eru nú búsettir um 2500 manns, en íbúum fækkar smám saman,  
og standa hús manna einatt eftir auð og yfirgefin.

Svipaða sögu mætti segja um fleiri staði á Norðurlandi, en Siglufjörður er tek-  
inn sem dæmi, þar sem hann er stærsta sjávarplássið. Færi nú svo, að sildin færi  
aftur að veiðast fyrir Norðurlandi eftir nokkur ár, þá væri illa farið og hlytist af  
stór skaði fyrir þjóðarbúið, ef norðlenzku sjávarplássin væru komin í auðn og  
engir möguleikar til að veita aflanum viðtöku.

Á þessu vandamáli Norðlendinga verður ekki ráðin bót með flutningi sildar af  
fjarlægum miðum, nema að litlu leyti. Nærtækt og sjálfsagt ráð við vandanum er  
að heimila að kaupa afla af erlendum veiðiskipum. Norðmenn og Færeyingar hafa  
látið í ljós áhuga á að landa afla á Íslandi og mundu jafnvel sætta sig við, að leyfi  
næði aðeins til hafna fjarri veiðisvæðum, einmitt þeirra hafna, sem Íslendingar vilja  
sít sigla til með afla sinn.

Þá skal bent á enn eina hlið þessa máls. Vegna hins ört stækkandi fiskiskipa-  
flota Íslendinga er vaxandi áhugi meðal útgerðarmanna og skipstjóra að stunda  
veiðar á fjarlægum miðum, þegar veiði er ekki hér við land, t. d. við strendur Nor-  
egs, og væri þeim þá mikið hagsmunamál að landa þar afla sínum. Augljóst er, að  
um þessi mál yrði að gera gagnkvæma samninga. Skal hér vakin athygli á viðtali  
hins kunna aflamanns, Eggerts Gíslasonar, við norska blaðið Fiskaren, er birtist í  
blaðinu 2. febrúar s. l., en þar segir Eggert, að gagnkvæmur samningur um land-  
anir íslenzkra og norskra fiskiskipa sé brýn nauðsyn, og blaðið skýrir jafnframt  
frá því, að þessari hugmynd hafi verið mjög vel tekið af sjávarútvegsmálaráðu-  
neytinu norska.

Forustumenn í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar hafa gert sér ljóst, að brýn þörf  
er, að tekin verði upp ný stefna í þessum málum. Á síðasta Fiskipingi, sem haldið  
var í Reykjavík dagana 1.—12. febrúar 1966, var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Fiskipingið telur tímabært að losa, að meira eða minna leyti, um bann við  
kaupum á fersksild og öðrum fiski af erlendum veiðiskipum, t. d. með gagnkvæm-  
um samningum.“

Hvergi er í lögum beinlínis bannað að kaupa afla af erlendum fiskiskipum í  
íslenskum höfnum, enda þótt lög um rétt til fiskveiða í landhelgi virðist hafa slíkt

bann að forsendu. Það er aftur á móti höfuðregla nú í dag, að innflutningur til landsins skuli vera frjáls, sbr. lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, nr. 30/1960, og verður eigi annað séð en að innflutningur á fiski sé frjáls. En frumvarpi þessu er ætlað að taka af allan vafa í þessu efni og jafnframt að koma á þessi mál skynsamlegri skipan, þeirri, að sjávarútvegsmálaráðherra sé fengið vald til að ákveða um fiskkaup af útlendingum í íslenskum höfnum. Er einsætt, að sú aðferð er skynsamlegri heldur en hin, að rígbinda þessi mál með lögum. Að sjálf-sögðu mun ráðherra setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem hann telur þurfa við, svo sem að hlýtt verði reglum um verðlag o. fl. Yfirleitt sýnist heppilegt, að heimild ráðherra sé sem allra rýmst, og eru ekki á hann lagðar aðrar hömlur en þær, að leyfi megi ekki veita til lengri tíma en 2 ára í senn, en slík takmörkun er að sjálfsögðu nauðsynleg. Má vera, að réttara væri að takmarka leyfi við aðeins eitt ár.

Þess er að vænta, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög af þingi því, er nú situr.